

REGLUR

um breyting á reglum nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr.

4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglnanna orðist svo:

4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga. Ef slík vinnsla fer hins vegar aðeins fram í þágu tölfræðilegs mats á lánshæfi einstaklinga, þ.e. til vinnslu lánshæfiseinkunnar, er hún ekki háð leyfi Persónuverndar, byggji hún á upplýstu og óþvinguðu samþykki hinna skráðu.

2. gr.

Breyting þessi tekur þegar gildi.

Persónuvernd, 30. nóvember 2006.

Páll Hreinsson stjórnarformaður.

Valur Árnason.

Svana H. Björnsdóttir.

Ólafur Garðarsson.